



## Starfsáætlun

Heilsuleikskólans Holtakots fyrir árið 2012.



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Hagnýtar upplýsingar um skólann.....	4
Fjarvistir barna.....	4
Opnunartími .....	4
Skólahúsnaði, ákvörðun um barnafjölda .....	4
Upplýsingar um aðlögun og flutning milli deilda.....	5
Starfsmenn .....	6
Stjórnskipurit skólans .....	6
Útlistun á stefnukorti Heilsuleikskólans Holtakots.....	7
Skóladagatal .....	9
Umferðadagar .....	9
Foreldraviðtöl.....	9
Stefna og skólasýn.....	13
Foreldraráð .....	18
Foreldrafélag .....	19
Túlkþjónusta fyrir foreldra .....	19
Stoðþjónusta – sérfræðiþjónusta.....	19
Sérkennsla .....	20
Samstarfsaðilar.....	20
Breytingar á skólanámskrá – endurskoðun.....	21
Nýbreytni á skólaárinu .....	21
Símenntun 2011-2012 .....	22
Mat á leikskólastarfi .....	24
Öryggismál skólans.....	25

## Inngangur

Samkvæmt 13. grein laga um leikskóla (90/2008) vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Hver og einn leikskóli setur upp sína skólanámskrá sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á svo að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í lögum er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Áætlunin er byggð á lögum um leikskóla, skólanámskrám, skóladagatali og námskrám leikskólans ásamt venjum og siðum. Skilgreining á skólaárinu er frá ágúst 2011 - júlí 2012.

Í starfsáætlun fyrir veturinn 2012-2013 leggjum við áherslu á umsókn um Grænfánann í annað sinn, áframhaldandi þróun á að innleiða Uppbyggingarstefnuna og Heilsustefnuna auk þess að efla okkur frekar í málrækt og læsishvetjandi umhverfi og meðal annars að taka upp netbækur sem reynst hafa vel í leikskólum sem eru í þróunarverkefnum um læsi. Sjálfbærni tengist inn í alla starfshætti, sem er að bera virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti.

Markmið Heilsuleikskólans Holtakots er góð næring, góð hreyfing og listsköpun, auk þess að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði, með tilliti til þarfa einstaklinga og áhugasviðs. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi

## Hagnýtar upplýsingar um skólann

Heimilisfang: Breiðamýri 225 Álftanesi

Símanúmer skólans : 5502340/8215018

Leikskólastjóri: Ragnhildur Skúladóttir [ragnhildur@alftanes.is](mailto:ragnhildur@alftanes.is)

Aðstoðarleikskólastjóri: Anna Kristín Sveinsdóttir [annakristin@alftanes.is](mailto:annakristin@alftanes.is)

Heimasíða: [www.alftanes.is/holtakot](http://www.alftanes.is/holtakot)

## Fjarvistir barna

Foreldrar eru beðnir að tilkynna fjarvistir barna sinna til skólans með því að hringja í síma 550-2340 eða senda tölvupóst á viðkomandi deildastjóra

Mýri - [ina.sigrun@alftanes.is](mailto:ina.sigrun@alftanes.is)

Seyla - [elva.dogg@alftanes.is](mailto:elva.dogg@alftanes.is)

Tröð - [anna.kristmundsdottir@alftanes.is](mailto:anna.kristmundsdottir@alftanes.is)

Hlið - [helga.bjork@alftanes.is](mailto:helga.bjork@alftanes.is)

Vegna skráninga í Heilsubók eru foreldrar beðnir um að tilgreina ástæðu fjarvista barnsins ef þær eru af heilsufarsástæðum.

Deildastjórar eru með viðtalstíma einu sinni í viku og oftast ef þær.

Leikskólastjóri er við alla daga frá 8.00 -16.00

## Opnunartími

Leikskólinn er opin frá kl. 7.30-17.00. Opnað er á Seylu kl. 7.30 og Mýri, Tröð og Hlið Opna kl. 8.00.

## Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Leikskólastjóri að höfðu samráði við bæjarstjóra, sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr 2.mgr. 4.gr. laga.nr.90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps. Áætlaður fjöldi barna á Heilsuleikskólanum Holtakoti eru um 80 börn eftir aldri hverju sinni.

Í Holtakoti eru 74 börn og þar af eru fimm 2010 börn. Stelpur eru 35 og strákar eru 39.

## Upplýsingar um aðlögun og flutning milli deilda.

Aðlögun hefst eftir sumarfrí og stendur yfir í um tvær vikur. Ný börn koma á yngstu deildina. Skipulag aðlögunar, þátttökuaðlögunar, sem tekin verður upp haustið 2012 er þannig að gert er ráð fyrri þremur dögum í aðlögun fyrir hvert barn og foreldrar fylgi með þeim allan tímann. Foreldrar taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum þennan tíma, aðstoða þau í daglegum athöfnum og leik og veita þeim mikilvægt öryggi í fyrstu skrefum þeirra í leikskólanum. Leikskólinn fór í aðra skóla og talið einnig við foreldra sem hafa verið í þessari aðlögun og var niðurstaða allra jákvæð með þetta og fannst þeir betur vita hvað barnið er að gera, hvernig dagur er, kynnast starfsfólki betur og fyrr og öðrum foreldrum. Þar sem okkur fannst þetta frábært eftir að hafa kynnt okkur þetta ætlum við að breyta hjá okkur og taka þátttökuaðlögun inn í leikskólann okkar.

Aðlögun barna milli deilda fer fram viku fyrir sumarfrí, þá flytja börnin dótið sitt og föt og fara sjálf með yfir á nýju deildina ásamt starfsfólki af gömlu deildinni. Hefur þetta komið mjög vel út og börnunum finnst voða gaman að sjá um þennan flutning sjálf. Elstu börn skólans fara þá á yngstu deildina og eru þar þessa síðustu viku sem þeim finnst ákaflega spennandi að fá að borða þar inni, en þau eru mikið útiveru þessa síðustu viku fyrir sumarfrí. Farið er yfir þessar breytingar með foreldrum.

Þegar ljóst er hvaða börn koma inn í leikskólann er foreldrum þeirra sent boð með tölvupósti um að koma í leikskólann á kynningarfund í júní. Á þessum fundi er farið yfir kynningu á starfsemi leikskólans, stefnu og starfsháttum og foreldrum sýnd húsakynni.

Boðið er upp á kaffiveitingar sem eldhúskonurnar okkar hafa framreitt og áhersla lögð á notalegt andrúmsloft.

Á þessum fundi hittast allir nýir foreldrar og mynda sín fyrstu tengsl sem foreldrahópur.

Á þessum fundi fá foreldrar afhent umslag merktu barninu þeirra en það inniheldur

- Kynningabækling fyrir foreldra en þar er að finna handhægar upplýsingar um ýmsa þætti í skólastarfinu.
- Bréf merkt barni þar sem aðlögun er sett niður
- Vefslóð á heimasíðu þar sem hægt er að nálgast foreldrahandbókina, starfsáætlanir og skólalagatal.
- Lykilorð inn á deildarsíður.
- Boð í fyrsta viðtal við deildastjóra áður en barnið byrjar í aðlögun.

Matráður er á staðnum og fer yfir helstu áherslur sem hann er með í eldhúsinu, hvað við erum að bjóða upp á og eftir hverju er farið.


Markmiðið með þessum kynningarfundum er að veita foreldrum góða mynd af starfi leikskólans og mynda gagnvirk tengsl þeirra á milli. Í aðlögun fer ekki tími foreldra eða starfsfólks í að sitja og veita eða taka við upplýsingum nema eitthvað sérstakt sé heldur fer tíminn í að taka þátt í leik og starfi með barninu og hjálpa því að mynda tengsl við starfsfólk og önnur börn.

## Starfsmenn

Gerð er ráð fyrir því að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla séu stöðugildi leikskólakennara. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, störf vegna sérkennslu, afleysing, ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraráðila miðað við stærð leikskóla.

Skólaárið 2012 starfa 23 starfsmenn við skólann 18,945 stöðugildi skiptast þannig að við skólann starfa 7 leikskólakennarar, 1 grunnskólakennari, 1 þroskaþjálfari, 10 leiðbeinendur, 2 starfsmenn í eldhúsi og 2 við ræstingar. Af þessum stöðugildum eru tvö stöðugildi sem eru eingöngu í stuðning við börn.

## Stjórnskipurit skólans



## Útlistun á stefnukorti Heilsuleikskólans Holtakots

### Þjónusta

#### Ánægðir nemendur og foreldrar:

Við þöllum upp á að nemendum líði vel, þeir mæti í skólann og fari sáttir heim í lok dags. Að foreldrar treysti því að barnið þeirra sé í traustu og öruggu umhverfi þar sem þeim er sýnd hlýja og virðing. Auk þess tryggjum við börnum og foreldrum faglega ráðgjöf þegar hennar er þörf.

Við hrósum og hvetjum börnin yfir daginn og nýtum okkur Uppbyggingarstefnuna í samskiptum við þau.

Við leggjum áherslu á dagleg samskipti við foreldra/forráðamenn og reynum að koma á mótis við þarfir foreldra eins og kostur er og sýna sveigjanleika.

Við nýtum okkur kannanir/ábendingar meðal foreldra á starfsemi skólans til að bæta þjónustuna enn frekar.

#### Uppeldi og menntun við hæfi hvers og eins:

Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám og markvissa samvinnu við foreldra og fagaðila.

Við leitumst við að mæta hverjum barni á forsendum þess, að nemendur fái viðfangsefni sem hæfi þroska þeirra og getu.

Við leggjum áherslu á snemmtæka íhlutun þegar við sjáum merki um möguleg frávik.

#### Umhverfis og heilsuvænn skóli:

Við leggjum áherslu á skipulagðar hreyfistundir innanhúss sem utan. Í sal leikskólans, íþróttahúsi og í náttúrunni.

Við leggjum áherslu á almenna umhverfisvernd innan leikskólans sem utan.

Við erum með reglubundna útivist fyrir börnin og gönguferðir.

Við erum með sérstaka áherslu á hollt matarræði fyrir börnin og tókum það skref að verða Heilsuleikskóli vegna áherslna okkar. Allur matur og brauð eru unnin frá grunni og hollusta og fjölbreytni höfð að leiðarljósi.

### Verklag

Við leggjum áherslu á virkt foreldrasamstarf, með reglubundnum foreldrasamtölum tvisvar á ári, kynningarfund með nýjum foreldrum, pabba og afakaffi, mömmu og ömmukaffi, opnu húsi, virku foreldrafélagi ásamt öðrum viðburðum sem eru á árinu, innan sem utan leikskólans.

### Námshvetjandi umhverfi:

Við vinnum markvisst að þroskavænlegu og námshvetjandi umhverfi m.a. með símenntun á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, koma nýju starfsfólki inn í starfið, heilsubók barnsins og skráningu.

### Virkt upplýsingaflæði:

Við minnum foreldra á viðburði á forsíðu heimasíðunnar, með auglýsingum í fataklefum og í pósti á netföngum foreldra.

Við setjum starfsáætlun leikskólans, skóladagatalið og annað efni á heimasíðuna sem varðar leikskólann.

Við skráum allt í dagbækur sem við kemur börnunum eða foreldrum.

Við setjum inn myndir á heimasíðuna fljótlega eftir hvern viðburð.

### Þverfaglegt samstarf:

Við leggjum áherslu á gott samstarf milli allra starfsmanna leikskólans og gagnvirkt samstarf við Álfthanesskóla, Krakkakot, Bæjarskrifstofuna og annarra stofnana er okkur varða.

Fjármagn

### Raunhæf fjárhagsáætlun:

Við byggjum fjárhagsáætlun á starfsáætlun leikskólans og erum með mánaðarlegar áætlanir út árið. (Í eðlilegu árferði)

### Ábyrg nýting fjármuna:

Við leitumst ávallt við að gera hagkvæm innkaup og gætum þess að rekstur sé innan fjárhagsheimilda í lok árs.

Mannauður

### Ánægðir starfsmenn, samábyrgð og stuðningur:

Við viljum að starfsmenn séu ánægðir í starfi og líði vel í vinnunni. Við erum meðvituð um að við vinnum öll á sama vinnustað og berum sameiginlega ábyrgð á eigin líðan og annarra sem og sjálfum vinnustaðnum.

Við erum óhrædd við að veita og þiggja stuðning hjá samstarfsfélögum okkar.



### Starfsánægja í hvetjandi umhverfi:

Við hrósum hvert öðru, við hlustum hvert á annað, hvetjum hvert annað, við einbeitum okkur að því að eiga jákvæð samskipti hvort við annað, við njótum félagsskapar hvers annars, innan sem utan vinnustaðarins.

### Virk símenntun og starfsþróun:

Við vinnum símenntunaráætlun út frá stefnu leikskólans, óskum starfsmanna, mati á skólastarfi og umbótaáætlunum. Við hverjum fólk til endurmenntunar.

## Skóladagatal

Starfsdagar eru fimm á skólaárinu (fjórir heilir og einum skipt upp í fjóra tveggja tíma fundi) og leikskólinn er lokaður þessa daga vegna fræðslu, endurmenntunar og skipulagningar starfsfólks á skólastarfinu.

- 9.september - heill dagur, leikskólinn lokaður
- 3.október - tveggja tíma skipulagsdagur, leikskólinn opnar kl 10.00
- 11.nóvember - heill dagur, leikskólinn lokaður
- 2.janúar 2012 - heill dagur, leikskólinn lokaður ( hálfur dagur tekin í nóv fyrir opið hús og hinn helmingurinn þennan dag)
- 1.febrúar - tveggja tíma skipulagsdagur, leikskólinn opnar kl 10.00
- 1.mars - tveggja tíma skipulagsdagur, leikskólinn opnar kl 10.00
- 2.apríl - tveggja tíma skipulagsdagur, leikskólinn opnar kl 10.00
- 29.mái - heill dagur, leikskólinn lokaður

## Umferðadagar

Við erum að fara að taka upp umferðadaga bæði í maí og í október þar sem áhersla verður á að fræða börnin um öryggi í umferðinni. Áhersla í maí er hjól og hjálmar ásamt gangabrautum og í október er það endurskin, gangbrautir, gangbrautarljós og bílbelti.

Einnig hafa elstu börn leikskólans farið í umferðaskólann þegar hann hefur komið í Sveitarfélagið

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvö á árinu í október og mars. Þar er farið yfir Heilsubók barnsins sem fer yfir helstu þroskætti barnsins, almenna líðan barnsins og annað sem þurfa þykir.

Auk þess eru foreldrar boðaðir í viðtal eftir kynningarfund nýrra foreldra til þess að afla sem bestum upplýsingum um barnið áður en það byrjar í leikskólanum, auk þess eru foreldrar boðaðir í viðtal mánuði eftir aðlögun til þess að fara yfir hvernig gengur.

## Vinastund í sal

Er allt árið á fimmtudögum kl 9.15, þá hittast allar deildir í sal og syngja og hafa gaman. Á aðventunni hittumst við og syngjum saman jólalögin og kveikjum á aðventukransinum.

## Rafmagnslaus dagur

13.janúar er vasaljósadagur, þá koma börnin með vasaljós að heiman, við slökkvum öll ljós og njótum þess að leika okkur án rafmagns.

## Bóndadagskaffi- þorrablót

Í tilefni bóndadagsins bjóðum við öllum þóbbum og öfum til okkar í kaffisopa og þorramatsmakk. Í hádeginu þann daginn bjóðum við svo börnunum upp á þorramat með víkingakórónur á höfðinu og í lopapeysum. Mikil og skemmtileg stemming er þennan dag og gestirnir sitja lengi að spjalli og hafa gaman, þarna eru saman komnir 3 ættliðir. Þess má geta að afarnir hafa sérstaklega gaman að því að fá að koma og heimsækja barnabörnin í leikskólann.

## Dagur leikskólans

6 febrúar er dagur leikskólans og þá höfum við skapað okkur þá hefð að við heimsækjum Bæjarskrifstofuna, heilsum upp á bæjarstjórnann og allt starfsfólkið þar og syngjum fyrir þau nokkur lög.

## Konudagskaffi - bolludagur

Í tilefni bæði konudagsins og bolludagsins bjóðum við mömmum og ömmum til okkar í morgunkaffi og bollur þann 20. Febrúar. Þessi dagur er ávallt skemmtilegur og hefur skemmtileg hefð skapast í kringum þennan dag og það er alveg frábært hversu margar ömmur og mömmur gefa sér tíma til að koma til okkar.

## Öskudagur

Þá mætum við í náttfötum eða í búningum og allir fylgihlutir mega fylgja með búningnum. Við sláum köttinn (rúsínur) úr tunnunni öll saman og svo er ball í salnum að því loknum. Síðan er farin inn á deildir og borðað regnbogaskyr og regnbogabrauð.

## Öfugsnúnidagurinn

Þá gerum við okkur dagamun við komum í fötunum okkar öfugt í skólann þann daginn, eða í skrítnum fötum.

## **Páskaveisla - gulur dagur**

30.mars erum við með páskaveislu þá eru börnin búin að búa sér til körfu og fá í hana lítið páskaegg og saltstangir, síðan setjast allir saman við langborð og fá páskalamb með öllu tilheyrandi og páskagóðgætið í körfunni í eftirmat. Þennan dag mæta allir í einhverju gulur og eigum saman góðan dag.

## **Dagur umhverfis- grænn dagur**

Þann 25.apríl er dagur umhverfis og þá höfum við haft þann háttinn á að við tinum rusl af skólalóðinni okkar og í kringum hana og gerum snyrtilegt í náttúrunni. Einnig mætum við í einhverju grænu til að vera klædd lit úr náttúrunni.

## **6 ára Afmæli skólans**

Er haldið hátíðlegt 28.apríl, þá er fáni dreginn að húni, opið hús og veisluhöld í tilefni afmælisins. Skólinn verður opinn fyrir gesti frá 8.00-10.00 .

## **Vorskóli elstu barnanna**

Í maí fer elsti árgangur í heimsókn í Álfstanesskóla og hittir kennara, gerir verkefni og borðar þar nesti sem þau koma með í skólann.

## **Útskriftarferð skólahóps**

Við höfum verið að fara á Úlfjótsvatn í dagsferð og farið á báta, í leiki, grillað og fleira skemmtilegt. En á síðasta ári bauð Lions okkur ásamt Krakkakoti og eldri borgurum að tilstilli Andrésar Ingólfssonar og var farið í Kjörís og svo í sveitina , dýrin skoðuð, grillaðar pylsur og skonsur, og umhverfið rannsakað, þetta var skemmtileg ferð og verður einnig á þessu ári. Þessi ferð er farin 16. maí.

## **Útskrift skólahóps**

Miðvikudaginn 16.maí verður útskrift skólahóps og fer hún þannig fram að foreldrar barnanna koma frá 14.00-16.00 þennan dag með veitingar á hlaðborð og börnin syngja nokkur lög. Síðan fá þau afhent viðurkenningarskjál og rós. Leikskólinn fékk að gjöf innbundna bók að gjöf frá nemenda fæddum 2004 sem er af stærð A-3 og sú hefð hefur skapast að hvert barn sem lýkur skólagöngu hér teiknar eina mynd í þessa bók. Þessi bók passar allavega fyrir 10 árganga sem ljúka göngu sinni við skólann.

## **Hatta og sólgleraugsdagur**

18.maí mætum við með höfuðfat og sólgleraugu og er alltaf gaman að sjá frumlegt höfuðfat og ríkir mikill kátína yfir þessum degi.

## **Kynningarfundur nýrra foreldra**

Á þessum fundi er farið yfir með nýjum foreldrum stefnu skólans og áherslu í starfi, farið yfir aðlögun og þeim sýndur skólinn. Boðið er upp á kaffi og nýbakaðar pönnukökur. Matráður fer yfir þær áherslur sem eru í eldhúsinu, áherslur sem lagðar eru út frá Lýðheilsustöð og eftir ábendingum frá næringarfræðing sem við fengum til að fara með okkur yfir matseðla skólans.

## **Kerru og dúkkuvagnadagurinn**

8.júní koma börnin með kerrur, vagnakerrur eða dúkkuvagna með sér í leikskólann og er gaman að sjá þegar skólinn fyllist að allskyns litum og gleði. Síðan er farið í göngutúr í kringum leikskólalóðina með alla krakkana og allir með sína vagna með.

## **Sumarhátíð leikskólann**

15.júní hittast leikskólarnir saman og mynda skrúðgöngu um bæjarfélagið ásamt foreldrum, gengið er góður hringur saman og síðan fer hver skóli inn á sinn leikvöll og er með sitt húllumhæ, við erum með hinar ýmsu leikjastöðvar um völlinn okkar m.a. hoppukastala, fallhlífastöð, pokahlaup, krítar, sápukúlur, vísindahorn og fleira. Síðan er boðið upp á grillaðar pylsur og svala í hádeginu áður en foreldrar halda aftur í sína vinnu og við inn í okkar dag. Foreldrafélagið okkar hefur síðustu ár borgað hoppukastalann fyrir okkur.

## **Hjóladagar**

Eru hjá okkur í maí og ágúst, þá mega börnin koma með hjólin sín og hjálma með sér í skólann og höfum við lokað af bílaplanið frá 10.00-11.30 þessa daga og leyft elstu börnunum að hjóla þar á meðan þau yngri hjóla inni á leikvöllinum. Þessir dagar eru dagsettir úr frá veðurfari hverju sinni.

## **Dagur læsis**

Er í byrjun september og vikuna fyrir hann höfum við þann háttinn á að börnin koma bæði með geisladiska og bækur til að hlusta á og lesa þessa vikuna. Við leyfum reyndar börnunum að koma með þetta alla daga allt árið en ítrekum sérstaklega við þau að koma með nýjar bækur/sögur til að lesa í leikskólanum.

## **Alþjóðlegi bangsadagurinn**

Er 27. október ár hvert og mega þá börnin koma með bangsana sína með sér í leikskólann.

## Dagur íslenskrar tungu 16.nóvember

Höldum við upp á með því að hittast í sal, syngja saman og rifja upp nokkrar þulur sem við höfum lært.

## Jólaundirbúningur

Er hafður með hefðbundnum hætti: föndur, bakstur, opið hús með aðventukaffi fyrir foreldra, rauður dagur og jólaball með aðstoð okkar galvösku jólasveina. Kirkjufólkið séra Hans Guðberg og Bjartur Logi hafa aðstoðað okkur með undirspil og söng

## Heimsókn á Bessastaði.

Það er fastur liður hjá skólahópnum í kringum 10.desember að heimsækja Forseta Íslands að Bessastöðum í desember og hjálpa honum við að kveikja ljósin á jólatrjámum fyrir utan Bessastaði. Við dönsum í kringum jólatrén og syngjum við harmónikku undirleik. Forsetinn býður öllum upp á kakó og piparkökur og jólasveinarnir koma að sjálfsögðu í heimsókn.

## Litadagar

Við erum með hina ýmsu litadaga yfir árið rauðan kringum jólin, gulan kringum páskana, grænan kringum dag umhverfis, bláan dag í september þar að auki er starfsfólk með hina ýmsu daga eins og ljótupeysudag, hárkolludag, þemadaga og fleira skemmtilegt sem kemur frá skemmtinefnd hverju sinni.

## Stefna og skólasýn

Einkunnarorð Holtakots eru þessi fínu orð Bangsímón:

**þú ert hugrakkari en þig grunar**

**snjallari en þú heldur**

**og sterkari en þér sýnist**

með þessu erum við að tengja saman heilbrigðan lífsstíl, Grænfánann, listsköpun, frjálssa leikinn og Uppbyggingarstefnuna, að barnið sé hvatt áfram og það sé í lagi að gera mistök.

## Í Holtakoti er lögð áhersla á að börnin

- hafi trú á eigin getu
- beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- séu sjálfstæð, tillitsöm, og skapandi

Yfirmarkmið skólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi.

Í leikskólanum er lögð áhersla á hreyfingu allt skólaárið.

Þar sem samfélagið okkar breytist hratt, er sífellt mikilvægara að hreyfipjálfun barna sé sinnt, þar sem þau hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig. Í gegnum hreyfingu læra börnin að þekkja og stjórna líkama sínum. Ung börn eru mjög móttækileg fyrir að læra um heilbrigðan lífsstíl sem er grunnur að góðu og heilbrigðu líferni seinna á lífsleiðinni.

Einnig leggjum við áherslu á hollt matarræði þar sem börnin fá fjölbreyttan og hollan mat. Með áherslu á aukna neyslu grænmetis og ávaxta. Með áherslu á mikilvægi þess að borða hollan mat teljum við okkur vera að leggja þær línur að vel nærðu barni líði vel sem leiðir af sér gleði og hreyfipörf sem skilar sér svo í þörfinni til að skapa. Allur matur í leikskólanum er unninn frá grunni og leitast er við að nota sem minnst af unnum matvörum. Allt brauð er bakað á staðnum og grænmeti er keypt lífrænt ræktað þegar hægt er.

Stefna Holtakots er:

- \* Að búa börnunum umhverfi sem er skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í gegnum leik og störf sem efla alhliða þroska þeirra.
- \* Að börnin læri að taka tillit til annarra og efli með sér skilning á tilfinningum og þörfum annarra.
- \* Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna, svo þau verði sjálfstæðir einstaklingar sem geta valið og hafnað út frá eigin forsendum.
- \* Að börnin læri að vinna með öðrum og beri virðingu fyrir umhverfi sínu og annarra.
- \* Að foreldrar, börn og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- \* Að barnið vinni út frá eigin áhuga og reynslu, sé virkt og skapandi í leik sínum og læri með því að prófa sig áfram.
- \* Að barnið læri félagsleg samskipti við fullorðna og önnur börn.
- \* Að verkefni séu ögrandi og veiti barninu aukinn þroska og vitneskju.
- \* Í gegnum leikinn er barninu boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni sem koma til móts við þarfir þess, áhuga og getu auk þess sem þau stuðla að auknum þroska.
- \* Að barnið kynnist umhverfi sínu, náttúru landsins og læri að bera virðingu fyrir því.
- \* Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.

## Heilsuleikskóli

Holtakot er Heilsuleikskóli og vinnur eftir Heilsustefnunni þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Vellíðan starfsmanna er einnig mikilvægur þáttur í starfi skólans. Leiðir skólans til að nálgast þessar áherslur eru í gegnum heilbrigði og hollt matarræði, skapandi starf og með gæðum í samskiptum sem er mikilvægur þáttur í góðri heilsu og vellíðan barna og fullorðinna.

Lögð er áhersla á að líkamleg, félagsleg og andleg heilsa einstaklingsins verði ekki sundurskilin - *Heilbrigð sál í hraustum líkama.*

Leikskólinn er í Samtökum Heilsuleikskóla sem 18 leikskólar víðsvegar um landið eiga aðild að. Við erum 18. skólinn í þessum samtökum og til þess að vera í þeim þarf skólinn að uppfylla ákveðin skilyrði í stefnu skólans hvað varðar hreyfingu, listsköpun og hollt matarræði.

### **Markmiðið með hreyfingu og hreyfistundum**

Markmið hreyfingar er að efla hreyfifærni barnanna eftir Heilsustefnu þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi.

Að efla líkamsvitund, heilbrigði og sjálfstraust barnanna með æfingum og leikjum. Við hvetjum börnin til virkrar hreyfingar á sem fjölbreyttastan hátt og stuðlum þannig að andlegri og líkamlegri vellíðan. Með þessu örvum við hreyfiproska barnanna, bæði fín- og grófhreyfingar þannig að börnin nái valdi á líkama sínum.

Börn byrja að tjá sig snemma með hreyfingu og hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust barnanna, snerpu og þol. Börnin fara einu sinni í viku í sal skólans yfir vetrartímann og oft seinnipart dags. Auk þess hafa elstu börn skólans vikulegan aðgang að íþróttasal Álftanesskóla og skiptast elstu deildarnar tvær á að fara. Farið er í gönguferðir einu sinni í viku, allt árið um kring. Yfir sumartímann er hreyfingin færð mikið út, gönguferðir eru auknar og farið reglulega í leiki og hjólað á útisvæði. Á haustin höfum við 6 vikna dansnámskeið sem danskennari kemur og sér um. Í lok dags er jafnan skilað í sal og eru þá settar upp stöðvar fyrir börnin.

Leiðir: Gönguferðir 1x í viku, hreyfistund í sal 1x viku, elstu börnin fá hreyfistund í sal Álftanesskóla 1 x í viku, dans námskeið að hausti 1x í viku í 6 vikur.

Hópleikir, Frjáls leikur, Tónlist, Söngvar

### **Heilsubókin**

Heilsubók er notuð til að skrá niður færni hvers barns ásamt því að halda utan um fjarveru vegna veikinda ásamt lyfjagjöf þegar við á. Skráð er í Heilsubók barnsins tvisvar á ári annars vegar í október og hins vegar í mars. Farið er svo yfir þær skráningar með foreldrum í foreldraviðtölum. Mikilvægt er að fá upplýsingar hvaða veikindi barnið er að kljást við hverju sinni upp á skráningar.

### **Næring**

Mikill metnaður er lagður í að bjóða upp á hollan og góðan mat. Mikill metnaður er lagður í að vinna matinn frá grunni og unnar matvörur eru í mjög litlu magni í skólanum. Einnig er boðið upp á gott úrval af grænmeti og ávöxtum og mikið um að grænmetið sé sett í matinn. Farið er eftir ráðgjöf næringarfræðings og Lýðheilsustöð í samsetningu máltíða. Vatn er í boði í öllum máltíðum

og börnin erum með sínar vatnsflöskur í hólfunum sínum eða í hillum inni á deildum (yngri börnin). Ávextir er millibiti milli morgunverðar og hádegis og einnig mikið með kaffinu síðdegis.

### Listsköpun

Mikilvægt er að vinna með og/eða tengja saman fjölbreytt tjáningarform listsköpunar s.s. myndlist, tónlist og leiklist. Lögð er áhersla á markvissa listsköpun, þar sem unnið er með einn eða fleiri þætti listsköpunar. Markmiðið er að viðhalda forvitni og sköpunargleði, efla sjálfstraust og ímyndunarafli barnanna. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið, geri tilraunir og þjálfí upp færni sem leiðir af sér að þau verði viss um eigin getu.

Markmið með myndsköpun:

Að örva sköpunargleði, hugmyndarflug og löngun til að tjá sig á skapandi hátt. Einnig að örva tilfinningu barnanna fyrir mismunandi efnivið og læra að endurvinnna og endurnýta efni úr umhverfinu. Efla sjálfstraust og sjálfsmýnd barnanna, auk þess að þjálfá fín- og grófhreyfingar og samhæfingu augna og handa.

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig í gegnum myndsköpun. Í skólanum er mikilvægt að veita börnunum fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í gegnum allskonar efnivið. Áhersla er lögð á að barnið fái útrás fyrir sköpunargleði sína og og tjáningu tilfinninga. Því er mikilvægt að fjölbreyttur efniviður sé í boði og nægur tími og góð aðstaða. Árstíðirnar eru að sjálfsögðu teknar fyrir í listakrók þar sem mikill og ólíkur efniviður er utandyra sem er misjafn eftir árstíðum. Mikil áhersla er lögð á að endurvinnna og endurnýta efnivið sem börn, kennarar og foreldrar leggja til bæði tilbúið og úr náttúrunni. Þar má meðal annars nefna laufblöð, steina, greinar, sand og fleira sem hægt er að finna í náttúrunni. Lögð er áhersla á sköpunarferlið sjálft, að börnin fái sjálf að skapa verkin sín og við gleðjumst yfir verkum barnanna og þau eru hvött áfram í sinni sköpun. Þess vegna finnst okkur mikilvægt að hafa aðgengi að listakrók á deildum daglega. Listakrökur er opin alla morgna markvisst og einnig eftir hádegis ef börnin óska eftir að fara þangað inn. Lærður listgreinakennari starfar við skólann sem fer milli deilda og kemur faglegri þekkingu inn til annarra starfsmanna sem sinna listakrök á sinni deild.

Leiðir: Málun, teikning, leirvinna, klippa, líma, þrykkja, endurvinnna

Markmið með tónlist:

Að börnin verði jákvæð gagnvart tónlist og hafi gaman af að hlusta, syngja og njóta. Tónlistin eykur orðaforða barnanna, þau læra að fylgja takti og læra að tengja saman hreyfingu og tónlist.

Tónlist er ríkur þáttur í allri menningu. Börn hafa mjög gaman af tónlist og eiga að fá tækifæri til að kynnast tónlistinni á sem fjölbreyttastan hátt. Í leik syngja börn, hjala, söngla og raula af einskærri ánægju og lífsgleði og er mikilvægt að veita þessum sjálfsprottna söng og söngli eftirtekt og örvun til dæmis með söng, hreyfingu, hlustun og meðhöndlun hljóðgjafa. Með reglulegum söngstundum og tónlistartímum aukum við færni og möguleika barnanna til tónlistariðkunar. Í tónlistartímum kynnum við fyrir börnunum hina ýmsu hljóðgjafa með hljóðfærum, bæði tilbúnum og þeim sem við búum til sjálf og því sem finna má í náttúrunni eins og



steinum og trjágreinum. Mikilvægt er að syngja mikið með börnunum og örva sjálfsprottinn söng. Pulur eru einnig partur af tónlist og takti.

Leiðir: Læra mun á hljóðblæ, styrk og hraða, greina milli langra, stuttra og mishárna hljóða, syngja lög og læra nýja texta, nota hljóðfæri og búa til hljóðfæri, tengja hreyfingu og hljóð, nota söngbækur, geislaspilara, raddböndin, söngspjöld og hlusta á hljóð í náttúrunni.

### **Uppbyggingarstefnan**

Er góð stefna til að vinna með bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og í samskiptum. Hún gengur út á hvað við viljum sjá, finna og heyra í barnahópnum, starfsmannahópnum og hjá foreldrum. Hún byggist upp af góðum samskiptum og að það sé leyfilegt að gera mistök og fá tækifæri á að standa upp aftur. Áhersla er á jákvæð samskipti fremur en boð og bönn.

Uppeldisaðferðin sem skólinn leitast við að taka mið af sem starfsmannastefnu og í daglegri umgengni við börnin, nefnist Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga. Aðalmarkmið aðferðarinnar er að ýta undir sjálfsaga og sjálfsstjórn barna með því að skapa aðstæður fyrir barnið til að læra af mistökum sínum sem það gerir í samskiptum við aðra, því gengið er út frá þeirri grundvallarhugmynd að enginn geti í raun stjórnað öðrum - aðeins sjálfum sér. Með aðferðinni þjálfast börnin í að skynja tilfinningar sínar, segja frá líðan sinni og læra að þekkja grundvallarþarfir sínar og annarra. Á einfaldan hátt læra börnin líka um lífsgildi - hvað okkur öllum finnst mikilvægast. Börnin læra af mistökum sínum og læra að koma með lausnir í samskiptum við aðra í samvinnu við kennara sína. Þau læra þannig að við gerum öll mistök, en getum notað mistökin til að læra af þeim og verða sterkari einstaklingar. Á Íslandi hefur þessi aðferð verið í þróun s.l. tólf ár. Hugmyndafræðin á bak við stefnuna á rætur sínar að rekja til Kanada. Unnið hefur verið með aðferðir stefnunnar í skólum til að mynda í Bandaríkjunum. Aðferðin er kennd við Diane Gossen frá Kanada. Hugmyndafræðin Uppeldi til ábyrgðar byggir samkvæmt hugmyndum Gossen á að skipulag skólaumhverfis kenni börnunum sjálfsaga, hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Byggir upp sjálfstraust og gefur innri styrk. Það má segja að stefnan ýti undir umhyggjusamt skólasamfélag. Uppbyggingarstefnan þjálfar börnin í að vera það sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum. Meginmarkmið stefnunnar er að kenna börnunum sjálfsstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Kennarar skólans munu tileinka sér vinnubrögð sem samræmist þeim anda sem Uppbyggingarstefnan boðar við ráðningu starfs í Holtakoti.

Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við deildarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum en skýrum reglum. Uppeldi til ábyrgðar hefur verið á stefnuskrá Holtakots frá opnun eða frá 2006.

### **Grænfáninn**

Vegna þátttöku okkar í Grænfánaverkefninu hefur verið stofnað umhverfisráð Holtakots og gerður sérstakur umhverfissáttmáli sem er :

„Leikskólinn Holtakot ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar. Það ætlum við að gera með því að tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti og kenna börnunum að þekkja og virða umhverfi

sitt og að barnið læri að taka ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Auk þess ætlum við að flokka rusl og endurnýta það sem til fellur, nota umhverfisvæn efni og spara orku og vatn."

Holtakot hlaut og flaggaði sínum fyrsta Grænfána þann 17. desember 2010.

Umhverfisvitund okkar gengur gegnum allt leikskólastarfið. Ekki er eingöngu átt við uppeldisstarfið heldur öll innkaup, endurnýtingu, þvotta, þrif og umgengni við húsbúnað og viðhald. Allur pappír er flokkaður fyrir endurvinnslu eða myndsköpun, pappírssöfnun og flokkun fer fram á hverri deild fyrir sig. Auk þess erum við með endurvinnslu skápa í miðrými leikskólans sem allar deildir hafa aðgang að og starfsmenn eldhússins setja allt sem hægt er að endurnýta þangað. Nauðsynlegt er að börnin séu virkir þátttakendur í ferli endurvinnslu og umhverfisverndar eftir því sem þroski þeirra leyfir.

Það helsta sem við gerum er: Flokka og endurnýta, fara í vettvangsferðir, að skoða lífríkið t.d. í fjörunni og fuglana, að kynnast ræktun, inni sem úti, að fylgjast með breytingu árstíðanna, að fylgjast með veðrinu og áhrifum þess, að skoða og safna hlutum og fyrirbærum úr náttúrunni.

Við ákváðum að byrja á því að flokka rusl og settum okkur markmið út frá því sem eru:

1. Barnið kynnist umhverfi sínu og þeirri náttúru sem umlykur það og læri að bera virðingu fyrir henni.
2. Endurvinnsla - flokkum rusl, endurnýtum það sem hægt er t.d. í föndur.
3. Spara raforku og vatn t.d. ekki hafa kveikt ljós nema nauðsyn sé og ekki láta vatn renna af óþörfu
4. Vistvæn hreinsiefni - við þrif leikskólans eru eingöngu notuð vistvæn hreinsiefni.
5. Áhrif mannsins á náttúruna - kenna börnunum að henda ekki rusli úti og skýra fyrir þeim að þetta hefur áhrif á náttúruna og fleira. Kenna þeim að rækta grænmeti og plöntur - það hefur góð áhrif á náttúruna. Einnig tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti.

Í desember 2012 sækjum við um Grænfánann í annað sinn og þá ætlum við að leggja áherslu á lýðheilsu.

## Foreldraráð

Á Holtakoti er starfandi foreldraráð sem vinnur samkvæmt lögum þess félags og eru fundir tvisvar á hverri önn og oftast ef þurfa þykir. Kjósa skal ár hvert í foreldraráð. Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir til leikskólans um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða leikskólann. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Ráðið setur sér reglur og starfar leikskólastjóri með ráðinu.

Skólaárið 2011-2012

Elva Dögg Kristjánsdóttir - formaður

Sigríður H. Pálsdóttir - ritari

Póra Björk Ólafsdóttir - meðstjórnandi

Ragnildur Skúladóttir - leikskólastjóri, fyrir hönd leikskólans

## Foreldrafélag

Á Holtakoti er einnig starfandi foreldrafélag sem vinnur samkvæmt reglum þess félags, á haustin er ný stjórn mynduð og nýir meðlimir kosnir á tveggja ára fresti. Félagið hefur verið öflugur stuðningur við starf leikskólans.

Starfsáætlun er unnin á fyrsta fundi og er markmiðið að koma henni og fundargerðum inn á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélagið hefur skipað stjórn sem er svona:

Skólaárið 2011-2012

- Auður Björgvinsdóttir- formaður
- Kristbjörg Marta Jónsdóttir - gjaldkeri
- Þórey V Þorgeirsdóttir - ritari
- María Elíasen meðstjórnandi
- Margrét Eva Einarsdóttir - meðstjórnandi
- Ragnildur Skúladóttir - leikskólastjóri fyrir hönd leikskólans

Þeir atburðir sem foreldrum er boðið í af hálfu leikskólans:

- Á danssýningu í síðasta danstíma hjá elstu deildunum.
- Aðventu-kaffi í lok nóvember byrjun desember og boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur
- Afa - og pabbakaffi á bóndadaginn
- Ömmu- og mömmukaffi á bolludag
- Opið hús í apríl - afmæli Holtakots
- Útskrift elstu barnanna í maí
- Sumarhátíð leikskólans í júní

## Túlkþjónusta fyrir foreldra

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingarráðgjöf milli foreldra og skóla sé greið er foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota tákmal boðið að fá túlk með sér á fundi og í foreldraviðtöl svo að allar upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar komist til skila.

10 börn eru tvítyngd og 1 af erlendum uppruna í Holtakoti.

## Stoðþjónusta – sérfræðiþjónusta

Proskapjálfi og leikskólakennari sjá um að sinna börnum sem þurfa einstaklingsmeðferð við skólann. Sérfræðiþjónusta sem er í boði í sveitarfélaginu sinnir þeirri grunngreiningu sem farið er fram á og aðstoðar fólk við áframhaldandi skref ef þess þarf og er einnig stuðningur við starfsemi skólans og starfsfólk. Þeir aðilar sem sinna stoðþjónustu árið 2011-2012 eru

- Gréta Pálsdóttir - talmeinafræðingur
- Brynjólfur G. Brynjólfsson - sálfræðingur

Tilvísanir til sérfræðipjónustu eru í samvinnu við leikskóla en einnig geta foreldrar óskað eftir athugun, greiningu eða ráðgjöf fyrir börnin sín.

## Sérkennsla

Sótt er um sérkennslu í leikskólum fyrir einstök börn sem þurfa á aðstoð og þjálfun að halda. Umsóknir eru lagðar fyrir fjármálastjóra og félagsmálastjóra og úthlutað er sérkennslutímum eftir því sem við á hverju sinni.

## Skólanámskráin

Skólanámskrá leikskólans er hægt að nálgast á heimasíðu skólans

[www.holtakot.alftan.es.is](http://www.holtakot.alftan.es.is)

## Samstarfsaðilar

Leikskólinn Holtakot hefur frá opnun 2006 verið í samstarfi við Álftanesskóla um að brúa bilið milli skólastiga. Í framhaldi af því höfum við farið í mikla samvinnu við Álftanesskóla og leikskólann Krakkakot, sem byggist á því að vera í samstarfi við skólann allt skólaárið og nýta byggingu grunnskólans til að kynna fyrir verðandi nemendum. Kennarar skólastiganna hittast reglulega og skipuleggja veturinn og þannig byggist samstarfið upp með hag barnanna að leiðarljósi.

Haldnir eru skilafundir á hverju vori um barnahópinn farið yfir sérþarfir barna ef þær eru til staðar og komið er með tillögur um samsetningu barnahópsins til náms í Álftanesskóla.

Árið 2011 fór leikskólastjóri Heilsuleikskólans Holtakots og Auður Björgvinsdóttir grunnskólakennari í Álftanesskóla, á námskeið á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar um að brúa bil milli skólastiga til að efla gæði samvinnunnar.

Frá árinu 2009 hefur verið formleg samvinna milli allra skóla sveitafélagsins. Fyrstu tvö árin var Auður Björgvinsdóttir tengiliður milli grunn- og leikskóla en nú hefur Guðfinna Aradóttir fengið það hlutverk. Ef flutningur barna á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel.

Markmiðið er að:

- Tengja skólastigin saman
- Skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Skapa farveg á miðlun upplýsinga milli skólastiga
- Auka skilning og þekkingu á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um barn og eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun þess skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16.gr laga um leikskóla nr 90/2009. Slíkar upplýsingar eru settar fram á skilafundi milli skólastiga í maí. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess. Meðferð slíkra mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Skipulag samstarfs er með eftirfarandi hætti:

- Kennarar beggja skólastiga hittast og leggja línur fyrir veturinn
- Skólahópur Holtakots og Ævintýrahópur Krakkakots fara í sameiginlega vettvangsferð að hausti og aðra eftir áramót.
- Skólahópur fær að taka þátt í myndlistartíma í Álftanesskóla
- Skólahópur fær að taka þátt í tónlistartíma í Álftanesskóla
- Skólahópur fær að heimsækja stærðfræðistofuna í Álftanesskóla
- Skólahóp boðið á Helgileik í desember
- Skólahópur boðið að vera þátttakendur í kennslustund í fyrsta bekk
- Nemendur í 1. bekk fá að koma í heimsókn á gömlu deildina sína í leikskólanum
- Álftanesskóli leggur leikskólanum til bókina Kátt er í Kynjadal sem er unnið með í skólahóp veturinn 2011 - 2012
- Ævintýrahópur Krakkakots heimsækir skólahóp í Holtakoti í mars
- Farið verður í sameiginlega útskriftarferð þann 16. maí
- Skólahópur heimsækir Álftanesskóla að vori (Vorskóli), hittir skólastjórnann og kennara. Í þessari heimsókn fara börnin með mynd af sér og hengja á skólatré sem ber yfirskriftina „Nemendur sem byrja í Álftanesskóla haustið 2012“.
- Kennarar beggja skólastiga hittast og meta árangur af samstarfi vetrarins.

## Breytingar á skólanámskrá – endurskoðun

Ný aðalnámskrá tók gildi vorið 2011 og er með töluvert breyttu sniði frá þeirri sem unnið hefur verið eftir frá 1999. Leikskólinn þarf nú að fara yfir gildandi skólanámskrá og endurskoða hana með tilliti til nýrra skilgreininga. Byrjað verður á þeirri vinnu á skólaárinu 2012 en þar sem ekki er gert ráð fyrir sérstökum tíma til þeirrar vinnu verður hún skipulögð eins og kostur er á starfsdögum og öðrum vinnufundum á skólatíma.

Mikil áhersla er lögð að þátttöku allra starfsmanna, foreldra og barna í þeirri vinnu og því nauðsynlegt að gefa þessu nægan tíma. Við gefum okkur allt að þrjú ár í þessa vinnu.

Á meðan við höfum ekki lokið við að endurskoða okkar námskrá með tilliti til nýrrar Aðalnámskrár verður áfram unnið eftir skilgreiningu á gömlu námssviðunum en þau eru; málrækt, hreyfing, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi og menning og samfélag. Með nýrri aðalnámskrá verða námssviðin; læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

## Nýbreytni á skólaárinu

**Fagfundir** -eru annan hvern miðvikudag og eru samráðsfundur leikskólustjóra, aðstoðarleikskólustjóra og deildastjóra þar sem farið er yfir ýmis fagleg efni. Meðal annars er búið að gera brunaáætlun, áfallaáætlun og móttökuáætlun nýrra barna á þessum fundum. Einnig endurmat á verkefnum eins og Grænfánanum, Uppeldi til ábyrgðar og Heilsustefnu þar sem við förum yfir hvort við séum að sinna því sem okkur ber að gera samkvæmt þeim. Vinna að áherslum á nýrri aðalnámskrá liggur fer fram á þessum fundum og starfsdögum. Farið er yfir hvernig gengur og hvað þarf að bæta, áætlanir lesnar yfir og ræddar.

**Deildastjórafundir** -eru á miðvikudögum á móti fagfundum og eru það leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar sem eru á þessum fundum og farið er yfir daglegt starf og það sem framundan er ef eitthvað liggur fyrir. Einnig er farið yfir ýmis mál sem viðkoma starfinu og hugmyndum deilt á milli deilda.

**Námsáætlun** - ákveðið hefur verið að byrja næsta skólaár á því að gera námsáætlun þar sem faglegt starf er skipulagt, eina fyrir haustönn og aðra fyrir vorönn. Þar sem skilgreindar áherslur eru settar niður, hvernig þær tengjast námssviðunum ásamt öðrum verkefnum sem við erum að vinna að. Áætlunina fá svo foreldrar senda í pósti.

**Tákn með tali**- við ætlum markvisst frá og með mars að leggja inn Tákn með tali og mun proskapjálfi leikskólans sjá um innleiðinguna fyrir allan skólann, þannig að allir eru að læra það sama.

**Læsishvetjandi umhverfi** - við ætlum að efla okkur í læsis hvetjandi umhverfi og fáum til okkar í apríl hana Barbro Lindberg sem er norsk og hefur stýrt svona verkefni í Noregi við góðan árangur.

**Umsókn um styrk** - við erum búin að sækja um styrk til Barnavinafélagsins Sumargjafar til eflingu á listsköpun.

**Þemavinna** - í haust vann allur skólinn að þemavinnu sem ber yfirskriftina „ég sjálf/ur „ og eftir áramót er allur skólinn að vinna með ævintýri Astridar Lindgren og eru yngri deildarnar með eitt viðfangsefni sem er Lína langsokkur en hinar deildarnar fara yfir fleiri eins og Ronju Ræningjadóttur, Kalla á þakinu, Línu Langsokk, Lottu og Emil í Kattholti. Á afmælisdegi leikskólans verða svo verk barnanna á afrakstri seinni þemavinnunnar til sýnis.

## Símenntun 2011-2012

### Símenntun 2011

- 2.jan -Starfsdagur - Páll Ólafsson uppbyggingarstefnan allir starfsmenn Holtakots og Krakkakots. 3 klst
- Skipulögð kennsla - 24 klst - 1 starfsmaður - greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins.
- 20.janúar Kynning á Heilsustefnu - leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar 2 klst - Sigrún Hulda leikskólastjóri frá Urðarhóli
- 4 skipti yfir skólaárið -Samstarf grunn - og leikskóla brúum bilið á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar- 8 klst samtals, Ragnhildur Skúladóttir leikskólastjóri og Auður Björgvinsdóttir grunnskólakennari Álftanesskóla
- 5.maí -Málörvun Orðagull - 2 klst 4 starfsmenn - skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
- 7. mars- Gerd Strand -Huglægur matslisti sérkennslustjóri
- 29.maí -Starfsdagur- sumarstarf skipulagt og endurmat á öllum námsþáttum vetrarins. Allir starfsmenn.
- 20 maí -Cat kassinn 8 klst - sérkennslustjóri
- 16.ágúst - Uppbyggingarstefnan 7,5 klst. tveir starfsmenn - Álftanesskóla
- 25 ágúst -Stig af stigi 1 starfsmaður

- 30 ágúst og 1. sept Skyndihjálpi - 4 starfsmenn, einn af deild - 6 klst skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Herdís St.
- 9.sept -Starfsdagur - Rannveig og Brynja frá Sjónstöðinni koma með kynningu vegna sjónskerts barns og fjalla um sjónskerta og leikskóladvöl. Farið var svo yfir kynningu á þeim námskeiðum sem fólk hefur farið á og kynnt fyrir öðrum starfsmönnum
- 3.okt -Starfsdagur 2 klst. - deildafundur vegna foreldravíðtala og útfylling í Heilsubækur.
- 7.nóv aðalfundur FLS- 7 klst. - Ragnhildur Skúladóttir
- 9.nóv -Heimspeki með börnum - 2 starfsmenn af elstu deildum 2,5 klst. skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
- 11.nóv -Skipulagsdagur tveir skólar í Reykjavík heimsóttir, Tjarnarból og Mýri. Umræður og endurskoðun.
- 17.nóv - Íslenski Þroskalistinn 1 starfsmaður 7 klst - Endurmenntun HÍ
- 18.nóv Íslenski smábarnalistinn 1 starfsmaður 7 klst - endurmenntun HÍ
- 22.nóv -Tónlistaruppeldi yngri barna 1,5 klst 5 starfsmenn - skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
- 24.nóv -Starfsdagur helmingur af starfsdegi í jan sem notaður er til að undirbúa opið hús daginn eftir og jólaskeytt.

Auk þess er farið á leikskólastjórafundi, aðstoðarleikskólastjórafundi og sérkennslustjórafundi í boði skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Einnig voru í boði fundir fyrir deildastjóra sem þeir sóttu allir héðan.

#### Símenntun 2012

- 3.jan - Starfsdagur Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi 3 klst - allir - Guðrún Hrefna félagsmálastjóri
- 1.feb -Starfsdagur 2 klst. Fyllt í Heilsubækur fyrir foreldra viðtöl- allir starfsmenn
- Tölur og stæðrfræði - 1,5 klst 2 starfsmenn skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.
- 2.feb og 9.feb -Árangursrík málörvun, mat á árangri - 2 skipti , 3 klst , allir deildastjórar - skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.
- 14.feb Hreyfistundir - leið til að auka hreyfingu barna 2,5 klst 4 starfsmenn- skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
- 1.mars starfsdagur -2 klst - allir starfsmenn farið yfir hvað við erum að gera við hvern þátt samkvæmt aðalnámsskrá leikskóla og hvað vantar upp á og hvernig við bætum það.
- Mars -Útiöldun - erum á biðlista þar er áætlað að 4 starfsmenn fari
- Mars -Teach aðferðin - á biðlista - 1 starfsmaður vegna barns í stuðning - Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins.
- 14 mars - leikmeðferð - 1 starfsmaður 2, 5klst - skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.
- 2.apríl-2 klst - allir starfsmenn - sett upp merkingar fyrir læsis hvetjandi umhverfi, farið yfir efnivið skólans s.s bækur, leikföng o.fl. og gert við það sem hægt er.
- 29.maí heill dagur - sumarstarfið sett niður - endurmat á skólaárinu - námsáætlunargerð fyrir næsta skólaár ef tími vinnst til.

- 24 sept - gerð námsáætlunar fyrir skólaárið 2012-2013- vinna í Heilsubók barnsins fyrir viðtöl í okt -allt starfsfólk - allur dagurinn.
- 1.nóv 2 klst- allt starfsfólk - skoðum hluta af nýrri aðalnámskrá og vinnum með það.
- 29.nóv 4 klst —hluti af starfsdegi í jan 2013- undirbúningur fyrir opið hús og jólaskreytt.

Auk þess á eftir að koma út námskeiðsbæklingur fyrir haustið 2012 frá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem við erum duglega að sækja.

## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna að því að auka gæði þess.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskólans, viðtökuskóla og foreldra
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- Skólanámskrá er skrifleg yfirlýsing á því sem gert er í leikskólanum og setur viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna saman upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Menntamálaráðuneytisins.

## Áætlun innra mats 2012-2013

- Sept - Hljóm 2 próf á elstu börnum skólans. Deildastjóri/ leikskólastjóri taka það - niðurstöður kynntar foreldrum og starfsmönnum deildar - unnið áfram með þau börn sem þess þurfa og aftur tekið próf á vorönn.
- Okt - foreldraviðtöl og skráningar í Heilsubók
- Nóv -Deildastjórasamtöl - deildastjórar tala við starfsmenn deilda
- Des -
- Jan - endurmat á starfsáætlunar haustsins.
- Feb -



- Mars - starfsmannaviðtöl - leikskólastjóri tekur viðtal um starfsánægju, líðan og fer yfir starfið í heild sinni með viðkomandi starfsmanni. Foreldraviðtöl og Skráningar í Heilsubók barnsins.
- Apríl -
- Maí - endurmat á starfsáætlun

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmann til að nota við innra mat leikskólans. Sveitarfélagið Álftanes/Fræðslunefnd Álftaness þyrfti að framkvæma skoðanakönnun meðal foreldra á viðhorfum þeirra til leikskólanna. Slík skoðanakönnun hefur ekki verið lögð fyrir síðan 2008. Eitt af viðmiðum leikskólastarfs eru ánægðir foreldrar.

## Öryggismál skólans

- Í leikskólanum er skilgreind áætlun vegna náttúruhamfara og inflúensu
- Í leikskólanum er til viðbragðaáætlun vegna slysa, slysaskráningu, starfsmenn fara á hverju ári einn frá deild á námskeið í skyndihjálpi.
- Rýmingar og brunaáætlun er til fyrir skólann, er búið að vera að vinna eftir bráðabirgðaplani þangað til okkar var fullgerð.
- Við höfum ekki oft æft rýmingu skólans með börnunum en farið yfir það sjálf, nú teljum við eftir reynslu af umræðum um eldgos, að mörg börn verða mjög hrædd og erum við með barn sem glímir við þann vanda. Þess heldur gerum við meiri kröfu á að starfsfólk viti hvað eigi að gera ef upp kæmi eldur og er það í umræðunni að æfa þetta á starfsdögum.

Álftanes, mars 2012.

Ragnhildur Skúladóttir leikskólastjóri.